

## Forstjóraskipti hjá N1

Stjórn N1 og Eggert Benedikt Guðmundsson hafa gengið frá samkomulagi um að Eggert Benedikt láti af störfum hjá félaginu, en Eggert hefur verið forstjóri N1 frá árinu 2012.

*„Þegar Eggert Benedikt var ráðinn til N1 stóðu miklar breytingar fyrir dyrum. Skráning félagsins á markað hafði verið ákveðin og lauk henni í desember 2013. Auk þessa voru gerðar viðamiklar skipulagsbreytingar sem m.a. fólu í sér stofnun Bílanausts og síðar sölu þess til þriðja aðila. Breytingar voru gerðar á vörustjórnun og birgðahaldi, m.a. með sameiningu á lagerhaldi félagsins í einu húsnæði í Klettagörðum. Þá var rekstrarkostnaður lækkaður með margs konar hagræðingu. Eggert Benedikt hefur leitt þessi verkefni og stjórnað þeim á farsælan hátt. Við viljum nota tækifærið og þakka Eggerti Benedikt fyrir góð störf og óska honum velgengni í framtíðinni“* segir Margrét Guðmundsdóttir stjórnarformaður N1.

**Eggert Þór Kristófersson**, núverandi fjármálastjóri félagsins, hefur verið ráðinn forstjóri N1.

Með þessum breytingum mun stjórn N1 leggja áherslu á að lækka kostnað við yfirstjórn félagsins en nú þegar liggur fyrir að framkvæmdastjórum N1 mun fækka um einn þar sem ekki verður endurráðið í stöðu framkvæmdastjóra markaðssviðs, sem nýverið lét af störfum hjá félaginu. Staða fjármálastjóra verður auglýst laus til umsóknar á næstunni.

### Nánar um **Eggert Þór Kristófersson**:

Eggert er með cand.oecon gráðu af endurskoðunarsviði frá Háskóla Íslands ásamt því að vera löggiltur verðbréfamiðlari. Eggert starfaði 1995-1997 hjá Íslandsbanka í einstaklingsþjónustu. Eggert var forstöðumaður sölu- og þjónustu hjá Lánasýslu ríkisins 1997-1999. Hann starfaði hjá Íslandsbanka hf. og Glitni banka hf. 2000 – 2008 við ýmis störf en frá 2004 í eignastýringu og sem framkvæmdastjóri eignastýringar frá 2007. Árið 2009 gekk hann til liðs við fjárfestingafélagið Sjávarsýn ehf. þar sem hann gegndi starfi framkvæmdastjóra. Í júní 2011 tók Eggert við starfi framkvæmdastjóra fjármálasviðs N1 sem hann hefur gegnt síðan.

Eggert er kvæntur Ágústu Dröfn Kristleifsdóttur leikskólakennara og eiga þau fjögur börn.

Nánari upplýsingar veitir Margrét Guðmundsdóttir stjórnarformaður N1 ([margret@icepharma.is](mailto:margret@icepharma.is))